

2. Afnotagjald.

2.1. Afnotagjald fer eftir hámarkshraða sendinga sem hér segir og miðast við eina ethernettengingu (grunntengingu) hjá notanda:

2.1.1. Hraði	64 Kb/s	128 Kb/s	2 Mb/s
Ársfjórðungsgjald kr.	60 000,00	95 000,00	360 000,00

2.1.2. Fyrir tókanettengingu í stað ethernettengingar bætast kr. 5 000,00 við 2.1.1.

2.1.3. Fyrir tókanettengingu auk grunntengingar við sömu gátt bætast kr. 50 000,00 við 2.1.1.

3. gr.

Grein 2.2.3. XI. kafla, Sambönd, orðist svo:

2.2.3. Fyrir línur fyrir gagnasendingar samkvæmt 1. og 2. flokki er gjaldið reiknað eins og í 2.2.1. en með margföldunarstuðli, sem ákvarðast af flokknum og hraða sendingar:

Flokkur	Hraði (bit/s)	Stuðull	
		1. flokkur	2. flokkur
A1	0-4800	1,00	1,10
A2	4801-9600	1,10	1,21
A3	9601-19200	1,30	1,43
A4	48000-64000	1,60	1,76
A5	2 Mbit/s	9,60	10,56

4. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt 9. gr. laga nr. 73/1984 um fjarskipti, svo og 11. gr. laga nr. 36/1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, sbr. 8. gr. laga nr. 34/1987, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júlí 1992 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 22. júní 1992.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

AUGLÝSING**um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990–2010.**

Samkvæmt ósk borgarráðs Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 4. júní 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990–2010, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fölgín í því að landnotkun á staðgreinireit 4.674.204 við Hólalaberg breytist úr stofnanasvæði í íbúðasvæði.

Borgarsjóður tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 11. júní 1992.

F. h. r.

Þórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.